

Vikufréttir

Vika 9 (24.02. – 28.02 2020)

Mánudagur

- ✓ Bolludagur
- ✓ Nemendur mega koma með bollur á bolludaginn. Þær verða borðaðar í ávaxtastund. Athugið að einungis eru bollur leyfðar.
- ✓ Skólapúls 6. bekk kl. 10:15
- ✓ Skólapúls 7. bekk kl. 11:10
- ✓ Skólapúls 8. bekk kl. 12:10
- ✓ 9. og 10. bekkur fer í heimsókn í Menntaskóla Borgarfjarðar. Þar munu þau leysa þrautir með menntaskólanemendum, borða með þeim hádegismat en enda daginn á list- og verk í Grunnskólanum.

Þriðjudagur

- ✓ Sprengidagur
- ✓ Skólapúls 9. bekk kl. 10:40
- ✓ Skólapúls 10. bekk kl. 11:10
- ✓ Starfsmannafundur kl. 14:30

Miðvikudagur

- ✓ Öskudagur
- ✓ Nemendur mega koma í öskudagsbúningum í skólann
- ✓ Öskudagsball í Óðali fyrir 1.- 4. bekk frá klukkan 14:30 – 16:00
- ✓ Öskudagsball í Óðali fyrir 5.- 7. bekk frá klukkan 13:00 – 14:00

Fimmtudagur

- ✓ Vetrarfrí

Föstudagur

- ✓ Vetrarfrí

Annað:

Vetrarfrí hefst hjá okkur fimmtudaginn 27. febrúar og mun skóli hefjast samkvæmt stundaskrá þriðjudaginn 3. mars.

Starfsfólk kemur til vinnu mánudaginn 2. mars en þann dag er skipulagsdagur.

Spakmæli:

„Sum af bestu augnablikum lífsins eru þau sem við getum ekki deilt með nokkrum manni.“

Námsráðgjafi

Náms- og starfsráðgjafi er málsvari nemenda og trúnaðarmaður. Hann leitast við að aðstoða þá við lausn ýmissa mála sem upp koma. Hann stendur vörð um velferð nemenda á breiðum vettvangi og veitir þeim ráðgjöf. Hann vinnur í nánú samstarfi við foreldra eftir því sem við á og aðra sérfræðinga innan og utan skólans. Námsráðgjafi er ekki meðferðaraðili en aðstoðar við lausn á vandamálum og vísar málum einstaklinga til viðeigandi sérfræðings s.s. sálfræðings, hjúkrunarfræðings og sérkennara, eftir því sem við á.

Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafa eru:

- Nám, námstækni og prófkvíði
- Framhaldsnám og starfsval
- Aðstoð við raunhæfar áætlanir m.t.t. áhugasviðs
- Persónuleg mál

Aðstoð námsráðgjafa beinist að því að auka þekkingu nemenda á sjálfum sér, viðhorfum sínum, áhuga og hæfileikum þannig að þeir fái betur notið sín í námi og starfi.

Dæmi um erindi nemenda til náms- og starfsráðgjafa er tengjast náminu:

- Skipulag heimanáms
- Einbeitingarskortur í náminu
- Skipulagsleysi
- Kvíði tengdur skólagöngu og prófum
- Mætingar

- Námsleiðir
- Starfsval

Dæmi um erindi nemenda til náms- og starfsráðgjafa er tengjast persónulegum málum:

- Samskipti við aðra, s.s. hitt kynið, kennara, bekkjarfélagana
- Hvernig nýta má hæfileika nemenda
- Feimni
- Einmanaleiki
- Stríðni
- Einelti
- Kvíði og þunglyndi
- Ýmislegt sem nemendum liggur á hjarta

Nemendur geta leitað beint til námsráðgjafa með þau mál sem þeim liggja á hjarta. Jafnframt geta foreldrar, kennarar og stjórnendur skólans vísað málum til námsráðgjafa. Námsráðgjafi skólans er Elín Kristjánsdóttir – elin@menntaborg.is

Netfíkn og Netöryggi



Netfíkn og Netöryggi

Foreldrafélag Grunnskólans í Borgarnesi býður öllum þeim sem hafa áhuga að mæta á fyrirlestur um netfíkn og netöryggi barna þann 3.mars klukkan 18:00 í 9. bekkjarstofunni.

Eyjólfur Örn Jónsson sálfræðingur hefur í fjölda ára unnið með börnum og ungmennum sem hafa lent í vandræðum vegna mikillar netnotkunar og eru föst í heimi tölvuleikja og/eða snjalltækja.



Um morguninn mun hann fræða nemendur elsta stigs og starfsfólk grunnskólans um netnotkun barna og hvað ber að varast.

Léttar veitingar í boði

Útgefandi: Grunnskólinn í Borgarnesi.

Ábm.: Guðdís Jónsdóttir

